

**Nr. 132 / 10 Goðafoss*****Skipverji slasat við fall***

IMO.nr. 9086796  
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál  
Stærð: 14.664 BT  
Mesta lengd: 165,60 m  
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m  
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 13

**Gögn:**

Úrdráttur úr leiðarbók  
Slysaskrá frá skipi  
Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 29. maí 2010 var Goðafoss við bryggju í Fredericia. Veður: Hægviðri.

Skipverji var á gangi á brúarþaki og rak sig í styrktarstoð (stífa) svo hann féll og rifbeinsbrotnaði. Var hann sendur heim.

**Við rannsókn kom fram:**

- að stífan var soðin við mastrið og niður á brúarþakið;
- að verið var að mála með hvíttri málningu í sólskini og taldi skipverjinn að hann hefði blindast þar sem hann hefði ekki verið með sólgleraugu eins og aðrir skipverjar sem voru þarna.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.